

## REGLUR

### um farandsölu í Sveitarfélaginu Hornafirði.

#### 1. gr.

Öllum er heimilt að stunda farandsölu í Sveitarfélaginu Hornafirði, enda fullnægi þeir skilyrðum laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu til að stunda slíka starfsemi og þeim skilyrðum sem sett eru í reglum þessum.

#### 2. gr.

Aðili sem vill stunda farandsölu í Sveitarfélaginu Hornafirði, skal tilkynna til sveitarfélagsins um komu sína með sannanlegum hætti með minnst einnar viku fyrirvara. Í tilkynningunni skal koma fram:

Nafn, kennitala og vsk-númer rekstraraðila.

Hvaða vörur viðkomandi hyggst selja. Hvar í sveitarfélaginu salan muni eiga sér stað.

Hvenær aðili hyggst halda úti versluninni.

Með tilkynningunni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, þar á meðal staðfesting á skráningu rekstraraðila í firma- eða hlutafélagaskrá, eintak nafnspjalds skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 28/1998 og upplýsingar um fasta starfsstöð og prókúruhafa. Sveitarstjórn getur látið stöðva farandsölu, komi í ljós að upplýsingar um rekstraraðila standast ekki eða ranglega hefur verið greint frá því í tilkynningu, hvaða vörur selja á.

#### 3. gr.

Haldin skal skrá yfir þá aðila sem tilkynnt hafa komu sína með farandsölu.

Sveitarfélagi er heimilt að synja aðila um leyfi til að stunda farandsölu á ákveðnum almennum viðurkenndum hátíðisdögum, svo sem frídegi verslunarmanna og helstu hátíðisdögum þjóðkirkjunnar. Synjunin skal vera skrifleg og rökstudd.

#### 4. gr.

Að öllu jöfnu skulu engar húseignir í eigu eða umsjá Sveitarfélagsins Hornafjarðar leigðar eða lánaðar undir starfsemi, er tengist farandsölu, nema með sérstöku samþykki bæjarráðs.

#### 5. gr.

Reglur þessar taka gildi við birtingu.

*Samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar, 12. desember 2002.*

**Albert Eymundsson** bæjarstjóri.